

Tæring stálþilsbryggja á Íslandi - yfirlit um tæringu á íslenskum stálþilsbryggjum, fyrri hluti. Rob Kamsma og Bjarki Ómarsson, EFLA 2019.

Stálþil í íslenskum höfnum eru flest frá árunum 1960 til 1990 eða 30 til 60 ára gömul og þannig komin að eða yfir hönnunarlíftíma. Vandamál vegna tæringa stálþilanna er orðið umtalsvert. Það er því þörf fyrir gott yfirlit, leiðbeiningar til að skipuleggja ástandsskoðun og meta núverandi ástand og að taka saman valmöguleika sem hægt er að grípa til við viðgerðir og endurbætur bryggjana. Það er tilgangur þessa verkefnis.

Farið er yfir orsakir tæringa í sjávarumhverfi og fram kemur að tæringaskemmdir eru algengastar við núll stöðu sjávar. Sú tæring er í flestum tilvikum vegna áhrifa örvera (s.k. örverutæring) þó aðrir þættir geta líka komið við sögu. Fram kemur að tæring er misjöfn milli hafna á Íslandi og eru Faxaflói og Breiðafjörður þeir staðir þar sem meiri tæring á sér stað, en einnig verður töluverðrar tæringar vart á Austfjörðum og í Vestmannaeyjahöfn.

Ástand stálþilsbryggja er best að meta með aðstoð kafara sem hreinsar stálþilið, skoðar og mælir þykkt þess á nokkrum stöðum með sérstökum búnaði. Mikilvægt er að skrá allar skemmdir á þilinu en þessar upplýsingar ásamt upplýsingum um efnisþykkt, stálþilstegund og framkvæmdaár gerir kleift að áætla meðaltæringhraða fyrir tiltekna bryggju.

Í skýrslunni er farið yfir ýmsar leiðir við viðgerðir og forvarnir. Fram kemur að val aðferða þurfi að taka mið af hagkvæmni fyrir viðkomandi mannvirki, jafnvægi milli líftíma og mannvirkis, áætlaðs efnistaps vegna tæringar og krafa fyrir áætlaðar tæringavarnir. Einnig þarf að hafa í huga hversu fýsilegar lausnir eru til framtíðar með tilliti til viðhalds. Gefinn er upp áætlaður kostnaður við mismunandi aðferðir.

Til eru ýmsar upplýsingar um stálþilsbryggjur á Íslandi og eru þær teknar saman í töflu í viðauka skýrslunnar (bryggjuskrá stálþil). Gert er ráð fyrir að verkefnið haldi áfram og þá verði lögð áhersla á frekari gagnaöflun og rannsóknir á núverandi ástandi stálþilsbryggja á Íslandi með þeim aðferðum og leiðbeiningum sem nefndar eru í þessari skýrslu.